

Lýsing fyrir gerð deiliskipulags þjónustusvæðis í Skaftafelli

Sbr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Nóvember 2021

Efnisyfirlit

Inngangur

Forsendur og viðfangsefni

Þróun í nágrenni Skaftafells
Staða í aðalskipulagi
Náttúrufarslegar forsendur
Stefna um búsetu starfsfólks
Aðstaða einkafyrirtækja
Gestastofa
Húsin í heiðinni
Tjaldsvæði og bílasvæði
Aðgengi
Upplifun, yfirbragð og ásýnd

Afmörkun deiliskipulagsins

Málsmeðferð

Ferli
Umhverfismat
Umsagnaraðilar
Ábendingar

2 Ráðgjöf við gerð lýsingarinnar:
3 Alta ehf
3 A1468-009-U01



12

13

13

13

13

14

Inngangur

Vatnajökulspjóðgarður hyggst leggja fram tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir þjónustuvæðið í Skaftafelli. Núgildandi deiliskipulag (Skaftafell, þjónustuvæði) tók gildi árið 2013 og var breytt 2016. Þótt ekki sé langt um liðið hefur þróun undanfarinna ára, ekki síst vaxandi fjöldi ferðamanna, gefið tilefni til þess að spyrja tiltekinna grunnspurninga um framtíðarfyrirkomulag mannvirkja og aðstöðu.

Á síðasta ári hófst vinna við að draga upp framtíðarsýn fyrir Skaftafell til þess að renna stoðum undir skipulag og mannvirkjagerð. Haft var samráð við fjölda hagsmunaaðila og miklar upplýsingar söfnuðust um þarfir og væntingar þeirra, auk ýmissa upplýsinga um aðrar forsendur, t.d. aðra áætlanagerð og náttúruvá. Afraksturinn má finna í ítarlegri skýrslu, [Skaftafell - Forsendur, framtíðarsýn og skipulagsforsögn \(júlí 2021\)](#). Í skýrslunni kemur einnig fram afstaða stjórnar þjóðgarðsins og svæðisráðs suðursvæðis til meginráttanna í framtíðarfyrirkomulagi, sem útfærðir verði í deiliskipulaginu.

Í þessari lýsingu eru dregin fram nokkur meginatriði úr skýrslunni og gerð grein fyrir ferli skipulagsgerðarinnar, þ.m.t. samráði við almenning og hagsmunaaðila um efni deiliskipulagstillögu.



Ábendingar um efni lýsingarinnar sendist til:

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri
Bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Hafnarbraut 27, 780 Höfn

Eða í tölvupósti til skipulag@hornafjordur.is


Forsendur og viðfangsefni

Þróun í nágrenni Skaftafells

Þótt Öræfasveit sé ekki fjölmennt byggðarlag hafa orðið þar töluverðar breytingar á undanförunum árum, aðallega vegna uppbyggingar í ferðaþjónustu. Fyrirhuguð er byggð frístundahúsa til útleigu sunnan þjónustusvæðisins og frekari þjónusta við ferðafólk við flugvöllinn.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir nokkrum íbúðarlóðum í Freysnesi og að Hofi en þó er ekki um að ræða virkan húsnæðismarkað sem starfsfólk getur treyst á þegar það kemur til starfa fyrir þjóðgarðinn. Langt er til nálægustu þéttbýliskjarna.

Þjóðvegurinn um Öræfi og yfir Skeiðarársand er mjög fjölfarinn allt árið og hefur þess vegna alloft reynt á aðstoð starfsfólks í Skaftafelli þegar slys hafa orðið eða annað viðbragð vegna sérstakra aðstæðna.




Staða í aðalskipulagi

Þjónustumiðstöðin í Skaftafelli er afmörkuð sem reitur í flokki afþreyingar- og ferðamannasvæða með auðkenni AF 21 og svofellda skilmála:

AF 21 Skaftafell (32ha). *Upplýsinga- og þjónustumiðstöð í Vatnajökulsþjóðgarði. Tjaldsvæði. Heimilt að reisa byggingar og önnur mannvirki til margháttaðrar þjónustu við ferðamenn og rekstrar vegna hennar, svo sem þjónustumiðstöð og gestastofa – bílastæði, göngustígar, áningarstaðir.*

Almennir skilmálar fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði hljóða svo:

- Á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal heimil mannvirkjagerð vegna starfseminnar sem þar er skilgreind, t.d. bílastæði, göngustígar, hús fyrir snyrtingar og aðra aðstöðu.
- Við uppbyggingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi.
- Vandað skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.
- Gera skal grein fyrir útfærslum í deiliskipulagi.



Hluti af aðalskipulagsuppdraetti þar sem fram kemur stefna um landnotkun á nálægum svæðum og færsla þjóðveggar.

Náttúrufarslegar forsendur

Fjalllendið gerir það að verkum að vindhraði getur magnast svo að ófært verður að og frá Skaftafelli. Þess vegna er ekki hægt að treysta á að starfsfólk komist til vinnu ef það er búsett langt austan Skaftafells.

Breytingar hafa orðið í náttúrufari með aukinni útbreiðslu birkis, lúpínu og annarra tegunda á söndunum. Varnargarðar setja einnig sterkan svip á útsýnið til suðurs úr Heiðinni.

Taka þarf tillit til náttúruvár, sem er einkum vegna hættu á stórhlaupi af völdum eldgoss í Örfajökli og berghlaups úr Svínafellsheiði. Skaftafell er þó utan mestu hættusvæðanna.



Stefna um búsetu starfsfólks

Starfsmannahúsnæði í Sandaseli, um 1 km vestan við þjónustumiðstöðina, er afar bágborið og endurbætur brýnar.

Stjórn þjóðgarðsins hefur markað stefnu um að í Sandaseli verði lítil íbúðaþyrping sem hýsir 3-5 fjölskyldur fastra starfsmanna með heilsársbúsetu á svæðinu og 5-10 litlar íbúðir fyrir einhleypa og tímabundna starfsmenn. Aðrir starfsmenn búi á nærsvæðum.

Í deiliskipulaginu þarf því að afmarka reiti fyrir þessa byggð og setja þeim viðeigandi skilmála.



Starfsmannahús í Sandaseli.

Aðstaða einkafyrirtækja

Fyrirtæki sem bjóða ferðir um fjalllendi og jökla í Skaftafelli þurfa aðstöðu til að geyma búnað og stað þar sem gestir geta tekið við búnaðinum, t.d. gönguskóm og jöklabroddum. Þau þurfa líka að geta vakið athygli á þjónustu sinni og selt hana áhugasömum.

Tvö fyrirtæki hafa núna aðstöðu í bráðabirgðahúsum nálægt þjónustumiðstöðinni til að selja ferðir og viðskiptavinir ferðaðþjónustufyrirtækja skilja oft bíla sína eftir og stíga inn í hópferðabíla í Skaftafelli.

Stjórn þjóðgarðsins hefur markað þá stefnu að í Skaftafelli verði aðstaða fyrir sölubása með samræmdu útliti sem fyrirtæki í kring geta nýtt sér. Einnig þarf að vera fyrir hendi safnstaður fyrir ferðir ("meeting point") og aðstaða fyrir starfsfólk yfir daginn. Önnur aðstaða fyrirtækja verði utan þjóðgarðs.



Tímabundin aðstaða ferðaðþjónustufyrirtækis.

Gestastofa

Aðstaða þarf að vera fyrir hendi til að fræða gesti um náttúru og menningu svæðisins, taka við skólahópum og veita skjól í neyð, auk veitingasölu og reglubundinnar starfsemi þjóðgarðsins.

Hús núverandi gestastofu er fullnýtt en æskilegt er að geta boðið veglegri sýningu um náttúru og menningu svæðisins og rýmri aðstöðu fyrir móttöku gesta og þjónustu við þá.

Stefnt er að fallettari en látlausri gestastofu, mögulega í núverandi húsi með viðbótum, með veglegri sýningu sem fjallar um sérstöðu svæðisins og setur það í stærra samhengi loftslagsbreytinga.

Í tengslum við gestastofuna þarf einnig að vera aðstaða vegna öryggishlutverks þjónustumiðstöðvarinnar, sem snýr bæði að íbúum í Öræfasveit, gestum þjóðgarðsins og starfsfólki. Þar þarf því að vera góð aðstaða fyrir viðbragðsaðila eins og björgunarsveitir, heilbrigðisstarfsfólk, lögreglu og fjöldahjálparstöð í neyð.

Í deiliskipulagi þarf að afmarka byggingarreit vegna aukins húsrýmis gestastofu og setja stefnu um yfirbragð.



Húsin í heiðinni

Löng hefð er fyrir búsetu í heiðinni ofan þjónustuvæðisins og þar eru sérstök gæði sem felast í náttúru og útsýni. Íbúðarhúsið í Hæðum er í sæmilegu ásigkomulagi en Bölti er mjög illa farinn og krefst mikilla viðgerða.

Stefnt er að því að með nauðsynlegum endurbótum verði Hæðir og Bölti notuð sem íbúðir fyrir starfsfólk og jafnvel bætt við nýjum íbúðarhúsum á þeim slóðum.

Deiliskipulag mun tilgreina hvaða mannvirki verði í Heiðinni, þ.m.t. mögulegar nýbyggingar eða viðbyggingar.



Myndin sýnir íbúðarhúsið í Hæðum og torfbæinn Sel. Bölti er neðar við sama aðkomuveg en sést ekki á myndinni.

Tjaldsvæði og bílasvæði

Ekki er gert ráð fyrir verulegri stækkun tjald- eða bílasvæða en búast má við að samspil þessara tveggja verði skoðað upp á nýtt með það í huga að tjaldgestir verði almennt nálægt bílum sínum en bílar verði ekki ráðandi þar sem tjöldin eru.

Skoða þarf sérstaklega svæði fyrir húsbíla og ferðavagna og hvernig afmörkun tjald- og vagnastæða tengist þróun í bókun og sölu til gesta áður en þeir koma í þjóðgarðinn.

Skoða þarf flæði ökutækja og gangandi innan þjónustusvæðisins alls og það hvernig gestum er leiðbeint með skiltum. Hafa þarf hliðsjón af fyrirkomulagi gjaldtöku fyrir bílastæði.

Aðgengi

Skoða þarf sérstaklega aðgengi ólíkra ferðamáta um þjónustusvæðið og tengingar við nærsvæði og stíganet. Hluti stíganetsins þarf að vera fær hreyfihömluðum og farartækjum viðbragðsaðila.

Hjólreiðar njóta vaxandi vinsælda og skoða þarf hvernig hægt er að koma til móts við hjólreiðafólk.



Upplifun, yfirbragð og ásýnd

Í Skaftafelli eru áhugaverðar minjar um búsetu og samspil íbúa og náttúru. Ástæða er til að flétta minjarnar inn í fræðslu og aðra upplifun gesta. Ákveðið verður í samstarfi við Minjastofnun hvernig skráningu minja verður háttað í tengslum við deiliskipulagsgerðina.

Reynt verður að tryggja að fjallasýn sé óskert á fjölförnum stöðum innan þjónustusvæðisins og skilgreindir staðir þar sem útsýni eða aðra upplifun er að hafa.

Sett verða ákvæði um yfirbragð mannvirkja og gróðurs. Búast má við að gróður verði notaður eftir sem áður til að afmarka reiti með ólík hlutverk innan svæðisins.




Afmörkun deiliskipulagsins

Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið nái til áþekks svæðis og það skipulag sem nú er í gildi, þ.e. til þjónustuvæðisins og allra fjölförnustu staðanna þar í grennd, þ.m.t. Sandasel, Hæðir og Svartafoss.

Uppdrættir verða að öllum líkindum í fernu lagi eins og myndin sýnir.

Í greinargerð verða settar fram forsendur og stefna um mannvirkjagerð ásamt skilmálum. Skýringarmyndir munu draga fram sérstök sjónarhorn sem lýsa stefnu um fyrirkomulag en fela ekki í sér bindandi afmarkanir.



Málsmeðferð

Ferli

Skipulagsgerðin á sér nokkurn aðdraganda, eins og nefnt var í inngangi og áform um hana eru því þegar nokkuð vel kynnt.

Í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefst ferlið með samantekt lýsingar, sem er þetta skjal.

Þegar tillaga að deiliskipulagi hefur mótast verður hún lögð fram til kynningar sem drög og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar um það sem betur má fara. Þessar ábendingar verða síðan hafðar til hliðsjónar þegar tillagan er fullgerð og lögð fyrir til auglýsingar og samþykktar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Af hálfu þjóðgarðsins munu svæðisráð suðursvæðis og stjórn þjóðgarðsins fjalla um tillöguna og samþykkja fyrir sitt leyti en hún gengur síðan til skipulagsnefndar og sveitarstjórnar hjá Sveitarfélaginu Hornafirði. Þegar tillagan er auglýst verður gefinn 6 vikna frestur til að skila skriflegum athugasemdum.

Umhverfismat

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er tilgreint að tilkynna skuli til Skipulagsstofnunar eftirtaldir framkvæmdir, sbr. 1. viðauka laganna:

12.03 Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglendi utan þéttbýlis.

12.05 Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru a.m.k.

10 ha og hjólhýsasvæði óháð stærð á verndarsvæðum.

Þar sem deiliskipulagið mun að mestu snúast um endurskoðað innbyrðis fyrirkomulag á þjónustusvæði sem er þegar fyrir hendi og ný mannvirki munu að litlu leyti ná til óraskaðs lands er litið svo á að tilkynningarskylda sé ekki fyrir hendi, sbr. tölulið 13.02 í viðaukanum.

Gerð verður grein fyrir umhverfisáhrifum nýs skipulags í samræmi við gr. 5.4. í skipulagsreglugerð.

Í aðdraganda skipulagsgerðarinnar voru settir fram valkostir um veigamikil atriði í sérstöku yfirliti ([Framtíð Skaftafells - Valkostir](#)) og má búast við að þeir verði útgangspunktur í umhverfismatinu.

Umsagnaraðilar

Lýsing þessi er lögð fram í samstarfi Vatnajökulspjóðgarðs og Sveitarfélagsins Hornafjarðar að undangenginni umfjöllun í svæðisráði suðursvæðis, stjórn þjóðgarðsins, umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins og sveitarstjórn. Óskað verður eftir umsögnum eftirtalinna aðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Náttúrufræðistofnun
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun

Að auki verður lýsingin auglýst í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar.

Ábendingar

Öllum er velkomið að senda inn ábendingar um efni lýsingarinnar og þau skipulagsáform sem þar er lýst. Ábendingar sendist til:

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri
Bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Hafnarbraut 27, 780 Höfn

Eða í tölvupósti til skipulag@hornafjordur.is